

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Hennar rödd: Sögur kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Nafn styrkþega: Hennar rödd

Útdráttur: Bókin Hennar rödd: Sögur kvenna af erlendum uppruna á Íslandi inniheldur 33 ólíkar sögur kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Bókin sameinar hugsjónir félagasamtakanna Hennar rödd og Vía útgáfu sem stefna að vitundarvakningu um málefni jaðarhópa og jafnara, upplýstara og virðingarríkara samfélagi. Viðburðurinn hafði tvíþætt markmið, annars vegar að vekja athygli á útgáfu bókarinnar, og hins vegar til að auka umræðu um þær áskoranir sem konur af erlendum uppruna á Íslandi standa frammi fyrir vegna þeirri margþættu mismunun sem þær mæta - vegna bæði uppruna og kyns. Markmiðið og gildi viðburðarins og bókarinnar er að fagna og skjalfesta sögur kvenna sem hefur skort sýnileika í samfélaginu og varpa ljósi á fjölbreyttan reynsluheim þeirra. Á viðburðinum flutti Edda Hermannsdóttir erindi um mikilvægi þess að jafnréttisbaráttan á Íslandi taki til greina fleiri þætti en kyn og að fjölbreytni í sinni víðustu mynd auðgi samfélagið eins og sögurnar í bókinni sannarlega sýna. Claudia A Wilson, lögmaður og ein þeirra kvenna sem deildu sögu sinni í bókinni flutti áhrifamikinn upplestur úr sínum kafla. Gestir fengu innsýn í líf konu af erlendum uppruna sem hefur mætt áskorunum og mismunun í samfélaginu en jafnframt uppskorið persónulega sigra og haft mikilvæg áhrif á samfélagið. Konunum sem deildu sögu sinni í bókinni var vel fagnað. Gestir skáluðu í boðinu, nutu tónlistar og áttu samræður við konurnar sem og aðstandendur bókarinnar. Viðburðurinn var vel sóttur en samkvæmt áætlun Hörpu sóttu um 180 manns viðburðinn. Um 100 bækur seldust á viðburðinum og fjöldi

bóka eftir viðburðinn sem sýnir mikilvægi vitundarvakningar á bókinni og málefni bókarinnar. Fjölmiðlar sýndu bókinni mikinn áhuga og sóttst var eftir kynningu og kaupum á bókinni af fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum.

Project Title: Her Voice: Stories of Women of foreign origin in Iceland

Name of Grantee: Hennar ruddy

Abstract: The book Her Voice: Stories of Women of Foreign Origin in Iceland contains 33 diverse stories of women of foreign origin in Iceland. The book combines the ideals of the non-profit organization Her Voice and Vía Publishing, which aim to raise awareness about issues of marginalized groups and a more equal, informed and respectful society. The event had a dual goal, on the one hand, to raise awareness of the publication of the book, and on the other hand, to increase discussion about the challenges that women of foreign origin in Iceland face due to the multiple discrimination they face - due to both origin and gender. The goal and value of the event and the book is to celebrate and document the stories of women who have lacked visibility in society and to shed light on their diverse world of experience. At the event, Edda Hermannsdóttir gave a talk about the importance of the fight for equality in Iceland taking into account more aspects than gender and that diversity in its broadest form enriches society, as the stories in the book truly show. Claudia A Wilson, a lawyer and one of the women who shared her story in the book, gave a moving reading from her chapter. Guests gained insight into the life of a woman of foreign origin who has faced challenges and discrimination in society while also reaping personal victories and having an important impact on society. The women who shared their stories in the book were well received. Guests celebrated by raising their glasses, enjoyed music and had conversations with the women as well as the members who worked on the book. The event was well attended, with around 180 people attending the event according to Harpa's estimation. Around 100 books were sold at the event and many books after the event, which shows the importance of raising awareness of the book and its matters. The media showed great

interest in the book, and companies, institutions, and non-profit organizations sought to book talks and purchase the book.